

SKÝRSLA STJÓRNARFORMANNS

FUNDIR STJÓRNAR

Á liðnu starfsári hélt stjórn SAM 9 bókaða fundi auk aðalfundarins sem haldinn var 3. mars. Á öllum stjórnarfundum er farið yfir stöðu í mjólkurframleiðslu og einnig sölu mjólkur og mjólkurvara. Birgðahald metið og farið yfir framleiðslu- og söluáætlanir. Auk framleiðslu- sölu- og birgðamála, voru einnig aðrir málaflokkar til umfjöllunar á stjórnarfundum samtakanna. Þar má nefna verðlagsmál, verðtilfærslu mjólkur, breytingar á mjólkurreglugerð, kaup á mjólk umfram greiðslumark, hvatningarálag á mjólk og útflutningsmál mjólkurvara. Einnig var nokkuð fjallað um búvörulög og réttarstöðu mjólkuriðnaðarins, WTO samninga, erlend samskipti, fjölmiðlamál og skipan í ýmsar nefndir á vegum SAM.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKUR OG MJÓLKURVARA

Eftir mikla mjólkurframleiðslu árið 2004 dró nokkuð úr framleiðslunni á sl. ári, einkum seinni hluta árs, og nam framleiðsla ársins 2005 um 109,5 millj. lítra. Það er 2,5 millj. lítra samdráttur, eða sem nemur 2,3% frá fyrra ári, þrátt fyrir að hvatt væri til aukinnar mjólkurframleiðslu. Greiðslumark verðlagsársins 2005/2006 var aukið um 5 millj. lítra, eða úr 106 í 111 millj. ltr. Í október 2005 var gefin út ósk um kaup á próteinhluta úr 4 millj. lítrum af umfram mjólk. Mánuði seinna var gefið út loforð um greiðslu á próteinhluta allrar mjólkur umfram greiðslumark á yfirstandandi verðlagsári. Jafnframt var sett á tímabundið hvatningarálag á alla innvegna mjólk á tímabilinu nóvember 2005 t.o.m. janúar 2006. Álagið nam kr 1,70 á lítra mjólkur. Ástæðan fyrir þessari stöðu í mjólkurframleiðslunni er óhagstætt tíðarfar á sl. vormánuðum og allt fram á haust, einkum um landið norðanvert. Einnig vegna þess að kúm í landinu hefur fækkað um of.

Á sama tíma hefur orðið góð söluaukning á flestum mjólkurvörum sem við þökkum öflugri vöruþróunar og markaðsstarfi. Umreiknuð sala á próteingrunni var nærri 113 millj. lítrum, en söluaukning ársins nemur um 2,45% frá fyrra ári. Umreiknuð sala á fitugrunni nam um 100 millj. lítrum, og söluaukning milli ára um 2,15%.

Greiðslumark mjólkur verðlagsárið 2004/2005 var 106 millj. lítrar, en framleiðsla mjólkur það verðlagsár var um 111,3 millj. lítrar. Umfram mjólk verðlagsársins var því 5,3 millj. lítrar. Mjólkuriðnaðurinn hafði óskað eftir og lofað greiðslum fyrir próteinhluta úr 6,5 millj. lítrum umfram greiðslumark svo eðlileg birgðastaða væri í lok verðlagsárs.

Efnainnihald viðmiðunarmjólkur á verðlagsárinu 2004/2005 var 3,97% fita og 3,33% prótein. Á verðlagsárinu 2005/2006 er efnainnihald viðmiðunarmjólkur 4,0% fita og 3,32% prótein. Meðal efnainnihald mjólkur á árinu 2005 var 4,02% fita og 3,34% prótein.

Umreiknuð birgðastaða í árslok nam 12,8 millj. lítrum á próteingrunni og lækkaði um 28% frá sama tíma fyrra árs. Umreiknaðar birgðir fitu voru 11,4 millj. lítrar en þær eru afstemmdar með reglubundnum útflutningi á smjöri.

INNFLUTNINGUR OG ÚTFLUTNINGUR MJÓLKURVARA

Mikil umræða hefur verið um útflutningsmöguleika á íslenskum mjólkurvörum til Bandaríkjana. Nokkuð hefur verið reynt fyrir sér með útflutningi á skyri, sérostum og smjöri. Um er að ræða sölu á gæðavöru á all háu verði í Whole Foods Market verslanakeðjunni. Verkefnið er áhugavert en prótein skortir til þess að unnt sé að taka þátt í verkefninu af krafti. Þá hefur verið litið til Færeyja í kjölfar fríverslunarsamnings milli Íslands og Færeyja, en próteinstaðan í landinu hindrar einnig að hægt sé að sinna þeim markaði sem skyldi. Hins vegar er umfram mjólkurfita til útflutnings á þessa markaði. Samanlagður útflutningur mjólkurvara, á árinu 2005, nam 13,2 millj. lítra á fitugrunni og 1,6 millj. lítra á próteingrunni.

Innflutningur mjólkurvara, á árinu 2005, nam um 1,8 millj. lítrum umreiknað á próteingrunn samanborið við 1,4 millj. lítra á árinu 2004. Samdráttur var hins vegar um 7 tonn í magni talið. Innflutningur mjólkurvara sem falla undir ferskvörur dróst saman um 52 tonn - eða um 70%, en ostainnflutningur jókst um 43 tonn eða um 29%.

VERÐLAGSMÁL MJÓLKUR.

Eftir langvarandi verðstöðvun á mjólkurvörum náðist samkomulag um 2,5% hækkun heildsöluverðs mjólkurvara 1. janúar 2006. Nýmjólk og léttmjólk hækkuðu þó einungis um 1,46%.

Breyting varð á skipan fulltrúa mjólkuriðnaðarins í Verðlagsnefnd búvöru. Vilhelm Andersen, sem verið hefur fulltrúi mjólkuriðnaðarins í verðlagsnefndum mjólkur í áratugi, lét af því starfi á árinu og í hans stað kom Guðlaugur Björgvinsson hjá MS. Mjólkuriðnaðurinn vill þakka Vilhelm áralöng og góð störf í verðlagsmálum mjólkurvara.

MARKAÐSNEFND MJÓLKURIÐNAÐARINS.

Starfsemi Markaðsnefndar mjólkuriðnaðarins árið 2005 var með svipuðu sniði og undangengin ár og var unnið að ýmsum málum varðandi sölu- og markaðsmál mjólkur.

Má þar m.a. nefna umbúðamál. Á árinu komu á markað nýjar umbúðir sem nefndin lét hanna. Voru þetta umbúðir fyrir nýmjólk, léttmjólk og undanrennu. Í framhaldi af því voru framleiddar auglýsingar fyrir sjónvarp, sem ætlað er að kynna þessar nýju umbúðir. Hugmyndin er að auglýsingar þessar sé hægt að nýta í 2 – 3 ár til sýninga.

Unnið var verulegt starf á árinu varðandi skólarmjólkurmál og komst ágætur skriður á dreifingu mjólkurvéla í skólana. Auk þessa var unnið að samningagerð við samstarfsaðila, endurnýjun á "Barnamöppu" skráningu á merkjum nefndarinnar, markaðsrannsóknnum o.fl.

Eins og áður eru í nefndinni 4 fulltrúar skipaðir af SAM og 1 tilnefndur af Landssambandi kúabænda. Skipað var að nýju í nefndina á haustdögum til næstu tveggja ára. Úr nefndinni gengu þeir Guðlaugur Björgvinsson og Snorri Sigurðsson. Er þeim hér með þökkun vel unnin störf í nefndinni.

Nefndin hélt 12 formlega boðaða fundi auk fjölda funda um hin ýmsu málefni.

SAMSTARFSNEFND SAM OG BÍ.

Nefndin hélt þrjá fundi á árinu. Nefndin gerði tillögur til ráðherra um rekstrarstyrki til mjólkursamlaganna á Ísafirði og á Vopnafirði, jöfnun á flutningskostnaði mjólkur að afurðastöð og millisvæðaflutninga milli afurðastöðva. Fyrir liggur að gera breytingar á Verðmiðlunarsjóði mjólkur sem sinnt hefur þessum verkefnum en sú breyting, sem samþykkt var samhliða verðlagningu mjólkur 1. janúar 2006, krefst breytinga á búvörulögum nr. 99/1993 þar sem innheimtur og ráðstöfun sjóðsins eru ákveðin í lagafyrirmælum. Samstarfsnefndin fer yfir uppgjör mjólkur viðkomandi verðlagsárs og staðfestir þann þátt er snýr að ráðstöfun mjólkur.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum SAM fyrir mjög gott samstarf, svo og fulltrúum Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda, fulltrúum landbúnaðarráðuneytis og öllum þeim aðilum í íslenskum mjólkuriðnaði, sem hafa komið að málefnum og störfum samtakana á liðnu ári.

Magnús H. Sigurðsson, stjórnarformaður